

INDLANDSFERÐ

ÁGÚST 2017

KYNNINGARFUNDUR

7. janúar 2017 kl. 14:00

Múltíkúltí, Barónsstíg 3 Rvk

Langar þig að kynnst indverskri menningu?

Við skipuleggjum tveggja vikna ferð til Indlands í ágúst 2017 í samvinnu við Weldone travel. Indversk og íslensk fararstjórn.

Heildarverð 360.000 kr. (sjá nánar neðar á síðunni)

Ferðin er opin öllum áhugasömum en við hvetjum styrktarforeldra og velunnara sérstaklega til þess að koma með.

Heildarverð 360.000 kr.

Innifalið: Flug frá Reykjavík til Delhi og til baka (gegnum London) / Innanlandsflug Delhi til Madurai og Cochin til Delhi / 14 nætur á góðum hótélum með morgunverð og Wi-Fi / Gisting í trjáhús og húsbáti / Ferðir í loftkældu farartæki/rútu / Fararstjórn (indversk og íslensk) / Welcome og farewell kvöldverður / Allir skattar.

Ekki innifalið: Hádegis og kvöldverðir (utan Welcome og Farewell dinner) / Inngangseyrir á söfn og hof, eða aðrar skoðunarferðir sem eru ekki á vegum Weldone travel / Ferðatryggingar / Bólusetningar / Vegabréfsáritun / Kostnaður í hótélum, þvottur, minibar, símtöl o.fl.)

Staðfestingargjald 120.000.- greiðist fyrir lok janúar og afgangurinn 6 vikum fyrir brottför.

FERÐALÝSING



1. áfangi: Norður Indland – Delhi – Agra – Taj Mahal

- 5. ágúst:** Flug frá Reykjavík til London og þaðan áfram til Delhi.
- 6. ágúst:** Hittum indverska fararstjórnann okkar við komuna til Delhi og förum beint á hótél. „Welcome dinner“ um kvöldið.
- 7. ágúst:** Borgarskoðun í Delhi að loknum morgunverð (4 klst).
- 8. ágúst:** Ferð til Lótus hofsins að loknum morgunverði, komið við á Delhi útimarkaðnum.
- 9. ágúst:** Lagt af stað til Agra eftir morgunverð. Skoðum Taj Mahal og heimsækjum marmaraverksmiðju.
- 10. ágúst:** Frjáls dagur í Agra.
- 11. ágúst:** Ekið til Delhi flugvöll og flogið í suður til Madurai í Tamil Nadu héraði miðju (3ja klst flug). Keyrt á hótél í Madurai.



2. áfangi: Suður Indland, Tamil Nadu - Madurai og Munnar

12. ágúst: Eftir morgunmat verður 2-3 klst skoðunarferð um Madurai, Meenakshi temple og götumarkaður.
13. ágúst: Ekið til Mudukalathur Pasumkudil þar sem rekið er heimili fyrir börn sem Vinir Indlands styðja. (90 km hvora leið).
14. ágúst: Ekið frá Madurai til Munnar sem er svæði mikilla náttúruferla (fossar, skógar og fjöll). Gistum í Munnar í NATURE ZONE RESORTS í tréhúsi / afríksku tjaldi.
15. ágúst: Eftir ævintýralega gistingu og morgunmat förum við í göngutúr og náttúrurskoðun, heimsækjum te ræktun og njótum tilverunnar í náttúrunni. Gistum aðra nótt í Munnar.



3. áfangi Kerala hérað í suðri – Cochin við vesturströnd Indlands

16. ágúst: Leggjum af stað til Cochin eftir morgunmat og forum til Secret Garden (130 km 3 klst.). Kvöldrölt í Cochen.
17. ágúst: Förum til Alleppey boat house í nágrenni Cochin og gistum þar í húsbáti. Þar verður kvöldverður um borð.
18. ágúst: Snúum aftur til Secret Garden eftir ævintýralega nótt á húsbáti, gistum aftur í Secret garden.
19. ágúst: Tékkum út eftir morgunmat og keyrum á Cochin flugvöll. Flogið beint til Delhi. Gist á flugvallahótel í Delhi.
20. ágúst: Flug heim, frá Delhi til Reykjavíkur (millilending í London).



SJÁLFBODALIÐAFERÐIR MÚLTÍKÚLTÍ INDLAND – KENÍA – TANSANÍA – SENEGAL - GAMBÍA

Fjölmenningarmiðstöðin Múltíkúltí hefur undanfarin ár staðið fyrir sjálfbodaliðaferðum fyrir ungt fólk. Um er að ræða ferðir frá tólf dögum til tveggja mánaða þar sem dvalið er í einhverjum þessara landa: Indlandi, Kenía, Tansaníu, Senegal eða Gambíu. Næsta ferð verður farin í lok janúar 20167. Sjá nánari upplýsingar og ferðaáætlun Múltíkúlti fyrir árið 2017 á multikulti.is